



Fjármál HM 2026

Íslandsbanki x UTAN VALLAR





Um skýrsluna

Íslandsbanki x UTAN VALLAR



Fáir íþróttaviðburðir jafnast á við heimsmeistaramótið í knattspyrnu þegar kemur að umfangi fjármálanna sem knýja mótið áfram. Í þessari skýrslu er varpað ljósi á fjármálin að baki HM 2026 og þær breytingar sem eru að eiga sér stað í rekstri og umfangi mótsins. Skýrslan er unnin í samstarfi Íslandsbanka og UTAN VALLAR og byggir á greiningu á þróun tekna, útgjalda og efnahagslegra áhrifa mótsins.



Sævar Þór Sveinsson
Ritstjóri UTAN VALLAR



Jóhann Óskar Jóhannsson
Aðstoðarmaður sjóðastýringar
Íslandssjóða



Óskar Hrafnsson
Starfsmaður Greiningar
Íslandsbanka

FIFA setur ný viðmið

Tekjur FIFA ná nýjum hæðum

FIFA skipuleggur rekstur sinn út frá fjögurra ára reikningstímabilum sem hefjast og ljúka með heimsmeistaramóti karla.


Á yfirstandandi reikningstímabili, 2023-2026, áætla FIFA að tekjurnar verði rúmlega 1.600 milljarðar króna.

Á síðasta tímabili voru tekjur FIFA um 940 milljarðar króna og hafa þær því aukist um rúmlega 70% á milli tímabila að nafnvirði. Þessa tekjuaukningu má helst rekja til tveggja þátta: annars vegar til stærra heimsmeistaramóts karla, þar sem þátttökupjóðum hefur verið fjölgað úr 32 í 48, og hins vegar vegna nýs fyrirkomulags á heimsmeistaramóti félagsliða karla.

Stökkið í tekjum FIFA á þessu tímabili er töluvert meira en á undanförunum tímabilum. Tekjuaukningin milli tímabilanna 2015-2018 og 2019-2022 var 18% að nafnvirði, en þar á undan var hún 12% að nafnvirði. Tekjuaukningin var þó meiri á milli tímabila fyrir tæpum tveimur áratugum þegar hún nam 59% að nafnvirði á milli tímabilanna 2003-2006 og 2007-2010.

Tekjur FIFA 2003-2026

milljarðar króna, á verðlagi viðkomandi árs og verðlagi 2026



Miðasölutekjur FIFA margfaldast


Miðarnir seljast hraðar og skila meiru

Þegar reikningstímabilin 2019-2022 og 2023-2026 eru borin saman blasir við að mesta tekjuaukningu er að finna í miðasölutekjum. Miðaverð á leiki á heimsmeistaramótinu í sumar hefur verið áberandi í umræðunni síðustu mánuði, enda er það töluvert hærra en á síðustu heimsmeistaramótum. Sá tekjuliður hjá FIFA hefur farið úr 118 milljörðum króna á tímabilinu 2019-2022 í 386 milljarða króna á tímabilinu 2023-2026, hækkun sem nemur rúmlega 226%.

Tekjur vegna heimsmeistaramóts félagsliða karla, sem fór fram sumarið 2025, námu 249 milljörðum króna. Tekjur af fyrri heimsmeistaramótum félagsliða hafa ekki verið tilgreindar sérstaklega af FIFA, en ljóst er að um töluverða tekjuaukningu er að ræða. Jafnframt vekur það athygli að tekjur af sérleyfisréttindum minnka á milli reikningstímabila. Það má meðal annars rekja til þess að tölvuleikjaframleiðandinn Electronic Arts, sem framleiðir hinn vinsæla fótboldaleik „EA Sports FC“ – d leik sem áður bar nafnið „FIFA“ – sleit samstarfi sínu við knattspyrnusambandið árið 2022.

Sundurliðaðar tekjur FIFA 2019-2026

milljarðar króna, á verðlagi viðkomandi árs – hreyfing frá fyrra reikningstímabili



Gullgæsin drífur tekjur FIFA áfram


HM karla er helsta tekjulind FIFA

Heimsmeistaramót karla hefur í gegnum árin verið helsta gullgæs FIFA. Á reikningstímabilinu 2019-2022 mátti rekja 83% af tekjum FIFA til heimsmeistaramótsins í Katar og sama gildi á tímabilinu 2015-2018 þegar mótið fór fram í Rússlandi. Hæsta hlutfallið var á árunum 2007-2010, þegar tekjur af heimsmeistaramótinu í Suður-Afríku námu 93% af heildartekjum FIFA.

FIFA hefur ekki sérstaklega gefið upp áætlaðar tekjur af heimsmeistaramótinu í sumar. Þær koma þó að öllum líkindum að mestu leyti á því ári sem mótið er haldið. Ef einungis er miðað við þær tekjur sem FIFA gerir ráð fyrir á árinu 2026 nemur hlutfall HM-tekna 69% af heildartekjum FIFA á tímabilinu 2023-2026. Helsta ástæða þess að hlutfallið lækkar svona hressilega milli tímabila eru tekjur af endurnýjuðu heimsmeistaramóti félagsliða karla sem fór fram sumarið 2025.

Hlutfall HM af heildartekjum FIFA

á reikningstímabilum heimsmeistaramótanna 1998-2026



Stærri mót, hærri reikningur


Veruleg hækkun í kostnaði milli móta endurspeglar aukið umfang

Á yfirstandandi reikningstímabili, 2023-2026, áætla FIFA að útgjöldin nemi 1.609 milljörðum króna. Á síðasta reikningstímabili námu útgjöld sambandsins 786 milljörðum króna og hafa þau því rúmlega tvöfaldast á milli tímabila.

Ef tímabilið 2019-2022 er borið saman við tímabilið 2023-2026 má sjá að útgjöldin hækka mest vegna keppna og viðburða. Líkt og með tekjuaukninguna má helst rekja þessa aukningu til stærra heimsmeistaramóts karla og nýs fyrirkomulags á heimsmeistaramóti félagsliða karla.

Útgjöld FIFA

milljarðar króna, á verðlagi viðkomandi árs - hreyfing frá fyrra reikningstímabili



Útgjöld FIFA taka stökk


Útgjöld tvöfaldast milli móta og ná nýju hámarki

FIFA gerir ráð fyrir því að leggja út 468 milljarða króna vegna heimsmeistaramótsins 2026, en fyrir síðasta heimsmeistaramót lagði FIFA út 228 milljarða króna. Útgjöld FIFA vegna mótsins eru því að tvöfaldast á milli móta og hafa aldrei verið eins há.

Athyglisvert er þó að heimsmeistaramótið í Brasilíu árið 2014 var nokkuð kostnaðarsamt fyrir FIFA, umfram það sem upphaflega var gert ráð fyrir. Hinn aukni kostnaður skýrðist af nokkrum þáttum. FIFA jók meðal annars framlög sín í samfélagssjóð sem var stofnaður í tengslum við mótið. Hlutverk sjóðsins var að efla knattspyrnu í Brasilíu með því að byggja velli og tengda innviði, svo eitthvað sé nefnt. Að auki þurfti FIFA að leggja út í aukinn kostnað vegna sjónvarpsútsendinga og var verðlaunafé mótsins hækkað.

Útgjöld FIFA vegna HM 2010-2026

milljarðar króna, á verðlagi viðkomandi árs og verðlagi 2026



■ Á verðlagi viðkomandi árs ■ Á verðlagi 2026



Kostnaður FIFA dreifist víða


Rekstrarkostnaður vegur þyngst en útgjöld dreifast á marga liði

Stærsti hluti útgjalda FIFA vegna heimsmeistaramótsins í ár er rekstrarkostnaður, en undir þann lið falla útgjöld á borð við öryggisgæslu, flutninga, viðburði og fleira. Næststærsti útgjaldaliðurinn er verðlaunafé og framlag til félagsliða. Í heildina skiptir FIFA útgjöldunum vegna heimsmeistaramótsins niður í níu liði.


Heilt yfir er heimsmeistaramótið þó ekki stærsti útgjaldaliður FIFA á þessu reikningstímabili – það er kostnaður vegna þróunar og menntunar. Stærsti hluti þess kostnaðar fer í „FIFA Forward“ – verkefnið, sem á að efla grasrótastarf í knattspyrnu.

Útgjöld FIFA vegna HM

hreyfing frá fyrra reikningstímabili




Staðsetning leikvanga




Leikvangar

Fjöldi leikja á hverjum leikvangi



Sæta fjöldi



Miðaverð í hæstu hæðum


Miðaverð hækkar mest á stærstu leikjunum

Í aðdraganda mótsins hefur miðaverð verið á milli tannanna á fólki. Miðum er skipt niður í fjóra verðflokka þar sem flokkur 1 er dýrastur og flokkur 4 er ódýrastur. Miðaverð í ár eru margfalt hærri en á síðustu mótum. Ódýrasti miðinn á úrslitaleikinn er tíu sinnum dýrari en á síðasta móti, árið 2022. Heilt yfir eru miðaverð á leiki mótsins í ár, hvort sem er í riðlakeppni eða útsláttarkeppni, margfalt hærri en þau voru á síðustu tveimur mótum.

Í tilboðsbók mótshaldara, sem lögð var fram við útboðið fyrir heimsmeistaramótið 2026, var meðal annars fjallað um áætluð miðaverð. Þar var gert ráð fyrir því að þau yrðu svipuð og á fyrri mótum. Tilboðsbókin var birt árið 2018 þegar Bandaríkin, Kanada og Mexíkó voru valin gestgjafar 2026 mótsins á 68. þingi FIFA.

Ódýrustu miðarnir á HM 2018-2026

í krónum, á verðlagi viðkomandi árs




Dýrustu verða enn dýrari

Verðmunur á milli flokka eykst verulega

Miðaverð á HM 2026

í krónum fyrir mismunandi verðflokka




Rándýr úrslitaleikur

Jafnvel lægstu verðin hærri en á öðrum stórum úrslitaleikjum

Ef úrslitaleikir á öðrum íþróttaviðburðum eru skoðaðir má sjá að ódýrasta miðaverðið er langhæst á úrslitaleik heimsmeistaramótsins – 253 þúsund krónur. Það er tæplega tvöfalt hærri en ódýrasti miðinn á Ofurskálina sem haldin var í febrúar sl.

Ef við höldum samanburðinum innan knattspyrnunnar þá kostaði ódýrasti miðinn á úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í ár rúmlega 10 þúsund krónur. Þá kostaði ódýrasti miðinn á úrslitaleik heimsmeistaramóts kvenna árið 2023 um 4 þúsund krónur.

Miðaverð á íþróttaviðburði
í krónum, á verðlagi viðkomandi árs



Áhrifin ná langt út fyrir völlinn


Efnahagsleg áhrif mótsins ná víða um heim en mest innan Bandaríkjanna

FIFA og Alþjóðaviðskiptastofnunin gáfu út félagshagfræðilega skýrslu í mars á síðasta ári. Þar kom meðal annars fram að efnahagsleg áhrif mótsins muni nema rúmlega 9.989 milljörðum króna á heimsvísu. Efnahagsleg áhrif mæla heildarveltuna sem mótið skapar í heimshagkerfinu, allt frá ferðaþjónustu og smásölu til flutninga og annarra þjónustugreina. Ef einungis er horft til efnahagslegra áhrifa innan Bandaríkjanna munu þau nema tæplega 3.804 milljörðum króna. Skýrslan tekur ekki sérstaklega fyrir áhrifin á Kanada og Mexíkó.

Skýrslan tekur einnig fyrir áhrif mótsins á verga landsframleiðslu. Heilt yfir telur Alþjóðaviðskiptastofnunin að mótið muni bæta 5.100 milljörðum króna við verga landsframleiðslu á heimsvísu, en í Bandaríkjunum einum og sér mun framlagið til vergrar landsframleiðslu nema 2.145 milljörðum króna. Til samanburðar var verg landsframleiðsla Íslands 4.956 milljarðar króna árið 2025 samkvæmt Hagstofunni.


Þá er talið að bein útgjöld í tengslum við mótið verði 1.733 milljarðar króna, þar af tæplega 1.384 milljarðar króna í Bandaríkjunum. Stærsti hluti útgjaldanna kemur frá ferðamönnum.

Efnahagsleg áhrif á heimsvísu
milljarðar króna



■ Heildarvelta
■ Verg landsframleiðsla
■ Eyðsla á mótinu

Efnahagsleg áhrif í Bandaríkjunum
milljarðar króna



■ Heildarvelta
■ Verg landsframleiðsla
■ Eyðsla á mótinu



Sigrar skila milljörðum


Verðlaunafé hækkar samhliða árangri

Verðlaunapottur heimsmeistaramótsins í sumar nemur samtals 82 milljörðum króna, en potturinn hefur stækkað um 49% frá síðasta móti. Heimsmeistararnir eiga því von á 6 milljörðum króna í verðlaunafé. Þau lið sem detta út í riðlakeppninni munu fá rúmlega 1 milljarð króna fyrir þátttökuna.

Auk verðlaunafjárins fá öll landsliðin greiðslu sem ætlað er að standa undir kostnaði við undirbúning fyrir mótið, en sú greiðsla nemur 187 milljónum króna.

Frá heimsmeistaramótinu árið 2010 hefur Argentína fengið mesta verðlaunaféð frá FIFA, samtals 12 milljarða króna, en liðið hefur leikið til úrslita í tvígang á þessu tímabili. Fast á hæla þeirra er Frakkland sem hefur fengið 11 milljarða króna, en liðið hefur leikið til úrslita á síðustu tveimur heimsmeistaramótum.

Verðlaunafé miðað við árangur á HM 2026
milljarðar króna




Kvennaboltinn sækir í sig veðrið

Mikill vöxtur í verðlaunafé kvenna síðustu ár

Gianni Infantino, forseti FIFA, lýsti því yfir á 73. þingi FIFA árið 2023 að stefnt væri að því að verðlaunapottur á heimsmeistaramóti karla 2026 og heimsmeistaramóti kvenna 2027 yrði jafn hár. FIFA hefur enn ekki tilkynnt hversu hár verðlaunapotturinn á heimsmeistaramóti kvenna 2027 verður. Miðað við fyrri yfirlýsingar ætti hann að vera um 82 milljarðar króna, sami og á karlamótinu í sumar.

Á síðasta heimsmeistaramóti karla, sem haldið var í Katar árið 2022, var verðlaunapotturinn 55 milljarðar króna. Potturinn hefur því aukist um nærri helming á milli karlamóta. Á síðasta heimsmeistaramóti kvenna, sem haldið var í Ástralíu og Nýja-Sjálandi árið 2023, var verðlaunapotturinn 14 milljarðar króna, nærri fjórfalt hærri en á mótinu á undan.

Heildarupphæð verðlaunafjár á HM karla og kvenna
milljarðar króna, á verðlagi viðkomandi árs



FIFA greiðir félagsliðum vegna meiðsla

Kerfið tryggir félagsliðum bætur en stendur ekki alltaf undir hæstu laununum

FIFA er einnig með eins konar sjúkratryggingasjóð sem kallast „Club Protection Programme“. Félagslið fá greitt úr þessum sjóði ef leikmaður meiðist í landsliðsverkefni og er frá í meira en 28 daga. FIFA greiðir að hámarki 7,5 milljónir evra, um 1 milljarð króna, fyrir hvert meiðslaatilvik, en einungis fyrsta árið sem leikmaðurinn er frá. Greiðslurnar byggja á launum viðkomandi leikmanns. Ef 7,5 milljóna evra hámarksgreiðslunni er deilt niður á 365 daga má sjá að félagslið geta að hámarki fengið 20.548 evrur, eða tæplega 3 milljónir króna, á dag til að standa undir launum leikmannsins. Sú fjárhæð dugar vel fyrir flest félagslið en stendur ef til vill ekki undir launum stórstjarna. Árlegt framlag FIFA til sjóðsins nemur 80 milljónum evra, um 11,5 milljörðum króna. Því geta greiðslurnar minnkað ef óvenju mörg meiðsli verða.

Hámarksgreiðsla fyrir hvert meiðslaatilvik



1.077.000.000 kr.

Hámarkstími greiðslna



365 dagar

Greiðslur á dag



2.950.685 kr.

Stærð sjóðsins



11.488.000.000 kr.



Félögin fá stærri sneið


Greiðslur til félagsliða aukast hratt og ná nýju hámarki

Það eru ekki bara landslið sem fá greitt fyrir þátttöku á mótinu heldur fá félagslið einnig greitt í gegnum „Club Benefit Programme“-sjóðinn. Félagslið fengu fyrst greitt úr þessum sjóði fyrir heimsmeistaramótið í Suður-Afríku árið 2010, sem nam þá samtals 7 milljörðum króna á núvirði. Á heimsmeistaramótinu í sumar munu félagslið samtals fá greitt 44 milljarða króna, 70% hærra en á síðasta móti.

Á fyrri heimsmeistaramótum fengu félagslið einungis umræddar greiðslur ef leikmaður liðsins tók þátt í mótinu sjálfu. Fyrir heimsmeistaramótið í sumar munu félagslið hins vegar einnig fá greitt fyrir leikmenn sem taka þátt í undankeppninni, óháð því hvort landslið viðkomandi leikmanns kemst inn á mótið eða ekki. Það þýðir að Víkingur Reykjavík mun til dæmis eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum þar sem leikmaður þeirra, Gunnar Vatnhamar, spilaði fyrir færeyska landsliðið í undankeppninni.

Greiðslur FIFA til félagsliða

milljarðar króna, á verðlagi viðkomandi árs og verðlagi 2026




„Rendurnar þrjár“ áberandi í sumar

Nike, Adidas og Puma klæða langflest lið mótsins

Flest landslið á mótinu í sumar munu klæðast treyjum frá Nike, Adidas og Puma. Adidas er með 14 lið, á meðan Nike er með 12 lið og Puma 11. 11 landslið klæðast treyjum frá öðrum búningaframleiðendum. Á eftir risunum þremur kemur spænski búningaframleiðandinn Kelme sem klæðir treyjur Bosníu og Hersegóvínu og Jórdaníu. Þar fyrir utan má finna kunnuglega framleiðendur eins og Reebok, Kappa og Umbro, en einnig lítt þekkt á borð við Majid sem klæðir íranska landsliðið og 7SABER sem klæðir lið Úsbeka. Á mótinu í Katar var Nike með 13 lið á sínum snærum en næst kom Adidas með 7 lið og Puma með 6. Aðrir búningaframleiðendur voru sex talsins, allir með eitt lið hvor.

Fjöldi landsliða í knattspyrnubúningum viðkomandi framleiðenda á HM á heimsmeistaramótum 2010–2026




Nike borgar best

Rómantíkin víkur fyrir peningunum

Samningar landsliða við búningaframleiðendur geta verið mjög verðmætir. Landslið Brasilíu, Frakklands og Þýskalands eru með verðmætustu samningana. Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa nýlega gert samning við Nike.

Þýska landsliðið hefur spilað í treyjum Adidas frá árinu 1954. Það kom því verulega á óvart fyrir tveimur árum síðan þegar tilkynnt var að Þjóðverjar myndu skipta yfir í Nike frá og með árinu 2027. Það hefur vafalaust verið erfið ákvörðun fyrir þýska knattspyrnusambandið að binda enda á samstarfið við Adidas, sem hefur varað í meira en sjö áratugi. Ákvörðunin reyndist umdeild heima fyrir og gagnrýndu þýskir stjórnámálmenn, þar á meðal ráðherrar, hana harðlega. Rómantíkin vék þó að lokum fyrir peningunum – Nike bauð tvöfalt hærra en Adidas, eða 100 milljónir evra á ári samkvæmt þýskum miðlum.

Samningar landsliða við búningaframleiðendur
verðmæti samninga á ári, í milljörðum króna




Verðmætari bikar en nokkru sinni

Hækkandi gullverð skýrir stökk í verðmæti bikarsins

Verðlaunagripur heimsmeistaramótsins hefur ekki alltaf litið út eins og hann gerir í dag. Hinn upprunalegi bikar er kallaður Jules Rimet bikarinn, sem er kenndur við fyrrum formann FIFA sem stýrði sambandinu þegar fyrsta heimsmeistaramótið var haldið árið 1930. Árið 1970 vann Brasilía sitt þriðja heimsmeistaramót og eignaðist þar með bikarinn.

Í kjölfarið hannaði ítalski listamaðurinn Silvio Gazzaniga nýjan bikar fyrir heimsmeistaramótið 1974 að beiðni FIFA. Sá bikar hefur verið afhentur sigurliði hvers móts allar götur síðan. Gripurinn er 36,5 cm og samanstendur meðal annars af 5 kg af 18 karata gulli. Vegna hækkunar gullverðs undanfarin misseri nemur virði gullsins í bikarnum í dag um 70 milljónum króna.

Verðmæti gulls í HM bikarnum
milljónir króna, á verðlagi 2026






Riölar



Milljónir króna

Hagvöxtur




— Verg landsframleiðsla á hvern íbúa kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Vergar þjóðartekjur kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Hagvöxtur 2014-2024

Milljónir króna

Hagvöxtur



— Verg landsframleiðsla á hvern íbúa kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Vergar þjóðartekjur kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Hagvöxtur 2014-2024

Milljónir króna

10

9

8

7

6

5

4

3

2

1

0

Brasília

Marókkó

Haítí

Skotland

— Verg landsframleiðsla á hvern íbúa kaupmáttarleiðrétt – milljónir króna

— Vergar þjóðartekjur kaupmáttarleiðrétt – milljónir króna

— Hagvöxtur 2014-2024

Hagvöxtur

70%

60%

50%

40%


30%

20%

10%


0%

-10%



Milljónir króna


Hagvöxtur



— Verg landsframleiðsla á hvern íbúa kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Vergar þjóðartekjur kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Hagvöxtur 2014-2024



Friðill

Milljónir króna

14



12

10

8

6

4

2

0

Holland

Japan



Svíþjóð



Túnis

— Verg landsframleiðsla á hvern íbúa kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Vergar þjóðartekjur kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Hagvöxtur 2014-2024

Hagvöxtur

70%

60%

50%

40%

30%

20%

10%

0%

Griðill

Milljónir króna

12

10

8

6

4

2

0



Belgía

Egyptaland



Íran



Nýja-Sjáland

— Verg landsframleiðsla á hvern íbúa kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Vergar þjóðartekjur kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Hagvöxtur 2014-2024

Hagvöxtur

70%

60%

50%

40%

30%

20%


10%

0%

Hriðill

Milljónir króna

Hagvöxtur




— Verg landsframleiðsla á hvern íbúa kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Vergar þjódartekjur kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Hagvöxtur 2014-2024

Milljónir króna




— Verg landsframleiðsla á hvern íbúa kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Vergar þjódartekjur kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Hagvöxtur 2014-2024

Milljónir króna


Hagvöxtur




— Verg landsframleiðsla á hvern íbúa kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Vergar þjóðartekjur kaupmáttarleiðrétt - milljónir króna

— Hagvöxtur 2014-2024






Á hverju byggir val á gestgjafabjóð?

Innviðir og tekjumöguleikar ráða úrslitum í vali FIFA

Næsta heimsmeistaramót verður haldið í Marokkó, Spáni og Portúgal árið 2030, en þrír opunarleikir fara fram í Argentínu, Paragvæ og Úrúgvæ. Heimsmeistaramótið sem fer fram árið 2034 verður haldið í Sádi-Arabíu. Við val á gestgjöfum heimsmeistaramóts er byggt á nokkrum mælikvörðum sem mynda saman einkunn byggða á vigtuðu meðaltali.

Mælikvörðunum er skipt í tvo yfirflokka: innviði, sem vega 70% í matinu og tekjumöguleika FIFA, sem vega 30%. Stærsti einstaki mælikvarðinn eru leikvangar, sem vega 35% í heildarmatinu, þar sem meðal annars er kveðið á um lágmarks sætafjölda. Á opunar- og úrslitaleiknum er gerð krafa um 80 þúsund manna völl, í undanúrslitunum 60 þúsund manna völl og 40 þúsund manna völl fyrir aðra leiki.

Mælikvarðar fyrir val á gestgjafa HM innviðir og tekjumöguleikar FIFA



Stærri mót og hærri fjárhæðir framundan

Umsókn Marokkó, Spánar og Portúgals fyrir heimsmeistaramótið 2030 fékk 4,2 í einkunn í vigtaða meðaltalinu en umsókn Argentínu, Paragvæ og Úrúgvæ fékk 3,6. Ekki liggja fyrir áreiðanlegar heimildir um hvað gestgjafarnir ætla að verja miklu í uppbyggingu fyrir mótið. Það sem ber helst að nefna er að Marokkó er að reisa völl rétt hjá Casablanca með sætafjölda fyrir 115 þúsund manns. Einungis einn íþróttaleikvangur í heiminum getur tekið á móti fleiri áhorfendum – Narendra Modi krikketvöllurinn í Indlandi. Völlurinn í Marokkó er eini völlurinn sem verður reistur sérstaklega fyrir mótið, aðrir vellir eru nú þegar til staðar.

Sádi-Arabía, sem verður gestgjafi heimsmeistaramótsins 2034, fékk einnig 4,2 í einkunn í vigtaða meðaltalinu. Ekki er vitað nákvæmlega hversu miklu Sádar munu verja í undirbúninginn en líklegt þykir að fjárhæðin verði í líkingu við það sem sást í Katar fyrir heimsmeistaramótið 2022. Því hefur verið haldið fram að kostnaðurinn í Katar hafi numið 220 milljörðum Bandaríkjadala, tæplega 27 billjónum króna á núverandi gengi, enda átti sér stað gríðarleg uppbygging í landinu við undirbúning mótsins. Sádi-Arabía ætlar meðal annars að byggja 10 nýja velli og fara í umfangsmiklar endurbætur á 5 leikvöngum.



Marokkó, Spánn og Portúgal	Einkunn	Vigt
Leikvangar	4,1	35,0%
Aðstaða fyrir lið og dómara	3,9	10,0%
Gisting	4,2	7,5%
Samgöngur	4,3	7,5%
Tæknilegir innviðir	4,3	5,0%
Stuðningsmannasvæði	4,0	5,0%
Tekjumöguleikar FIFA	4,3	30,0%
Vigtað meðaltal	4,2	

Argentína, Paragvæ og Úrúgvæ	Einkunn	Vigt
Leikvangar	3,6	35,0%
Aðstaða fyrir lið og dómara	3,4	10,0%
Gisting	3,7	7,5%
Samgöngur	3,0	7,5%
Stuðningsmannasvæði	3,4	5,0%
Tekjumöguleikar FIFA	3,7	30,0%
Vigtað meðaltal	3,6	

Sádi-Arabía	Einkunn	Vigt
Leikvangar	4,1	35,0%
Aðstaða fyrir lið og dómara	3,9	10,0%
Gisting	4,1	7,5%
Samgöngur	4,2	7,5%
Tæknilegir innviðir	4,7	5,0%
Stuðningsmannasvæði	3,9	5,0%
Tekjumöguleikar FIFA	4,4	30,0%
Vigtað meðaltal	4,2	



